Fundur stjórnar LS haldinn
16. og 17. júlí 2014

Mótvægisaðgerðir vegna lagabreytinga

Stjórn Landssambands smábátaeigenda skorar á stjórnvöld að auka veiðiheimildir í krókaaflamarkskerfinu.

Með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 82/2013 þar sem stærðarmörk krókaaflamarksbáta voru færð upp að 15 metrum og að 30 brúttótonnum var gripið hastarlega inn í starfsumhverfi útgerða krókaaflamarksbáta. Jafnvægi til leigu á veiðiheimildum hafði ríkt en með ákvörðun Alþingis varð gjörbreyting þar á og nú nánast vonlaust að fá kvóta á leigu.

Stjórn LS telur einsýnt að lagabreytingunni hafi þurft að fylgja mótvægisaðgerðir og krefst þess að stjórnvöld axli ábyrgð af afleiðingum þessa inngrips með því að auka aflaheimildir krókaaflamarksbáta.